

Almennt

Rýni stjórnenda á kerfum Matvælastofnunar er tvíþætt. Annars vegar rýnir yfirstjórn árlega virkni og rekstur jafnlaunakerfis stofnunarinnar og hins vegar rýnir gæðaráð gæðakerfið árlega. Hvoru tveggja er framkvæmt á grundvelli skráðra verkferla:

VRF-041 Jafnlaunakerfi – Rýni stjórnenda

VRF-018 Rýni gæðaráðs á gæðakerfi

Ábyrgð

- Yfirstjórn ber ábyrgð á að jafnlaunakerfið sé rýnt og tekur ákvarðanir um aðgerðir
- Gæðaráð ber ábyrgð á að gæðakerfið sé rýnt og tekur ákvarðanir um aðgerðir
- Gæðastjóri og mannauðsstjóri bera ábyrgð á að unnið sé í samræmi við ákvæði skjalsins

Framkvæmd

Yfirstjórn rýnir jafnlaunakerfið árlega undir stjórn mannauðsstjóra. Til að undirbúa rýnivinnuna tekur mannauðsstjóri saman fyrstu drög að skýrslu sem liggur til grundvallar við upphaf rýnnar (sjá GAT-068). Skýrslan byggir á kröfu 4.6 í jafnlaunastaðli ÍST 85:2012.

Að lágmarki skal skoða:

- Niðurstöður innri úttekta og mat á hlífingu við lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem fyrirtækið undirgengst
- Samskipti við starfsmenn og hagsmunaaðila, þ.m.t. athugasemdir
- Frammistöðu stofnunarinnar í jafnlaunamálum
- Að hvaða marki markmiðum hefur verið náð
- Stöðu úrbóta og forvarna
- Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda á jafnlaunakerfinu
- Breytingu á aðstæðum, þ.m.t. lagalegar kröfur, ákvæði kjarasamninga og aðrar kröfur
- Tillögur um úrbætur

Mannauðsstjóri leggur skýrslu með upplýsingum um framangreind atriði fyrir stjórnendur og undirbýr rýni. Í rýninni eru metin tækifæri/þörf til umbóta og breytingar á jafnlaunakerfinu og hvort umsýsla, rekstur og viðhald kerfisins er í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals, aðrar lagalegar kröfur og skráð verklag jafnlaunahandbókar.

Sé árangur aðgerða sem ákveðnar voru við fyrri rýni ekki í samræmi við væntingar skulu ástæður þess ræddar og gerðar ráðstafanir til úrbóta. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á að ákvörðunum stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi sé fylgt eftir.

Skráning og niðurstöður rýni

Mannauðsstjóri skráir fundargerð í skýrsluna (GAT-068). Skráðar eru ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast umbótum á virkni jafnlaunakerfisins og ferlum þess og sett mælanleg markmið. Skrá skal áætlaða lokadagsetningu aðgerða og hver ber ábyrgð á framkvæmd. Skýrsluna með fundargerð skal vista í málakerfi undir málalykli 1.2 Jafnréttismál (SKRA-140). Heiti máls er 'Rýni jafnlaunakerfis – Skýrslur og fundargerðir'.

Fyrir 1. mars ár hvert stofnar gæðastjóri mál fyrir árlega viðhaldsvottun (eða endurvottun) á jafnlaunakerfi. Heiti máls er 'Jafnlaunavottun – Viðhaldsúttekt (eða endurvottun, eftir því sem við á) með málalykil 0.2.0. Almennt. Rýniskýrsla stjórnenda er vistuð í málinu þegar hún liggur fyrir.